

Fundur - 13. maí 2004

Ár 2004 þann 13. maí kom byggingar,- skipulags- og hafnarnefnd saman til fundar á Reykhólum ásamt byggingarfulltrúa og sveitarstjóra er ritaði fundargerð. Fundurinn hófst kl. 09:30

1) Afmörkun lands undir Reykhólaborþ, sbr. heimsókn Sigurðar Þráinssonar frá Landbúnaðarráðuneyti og Jóns Ásbjörnssonar frá Ríkiskaupum 28.apríl sl. (hittu sveitarstjóra og formann nefndarinnar).

Ræddir voru tveir möguleikar á þessari afmörkun og var byggingarfulltrúa falið að rissa þær upp.

2) Umsókn um niðurrif mannvirkja frá Benedikt Jónssyni á Bakka. Um er að ræða fasteignir á Bakka og í Stekkjarholti. Erindið samþykkt.

3) Grenndarkynning v/byggingar íþróttahúss á Reykhólum ásamt tengibyggingu (athugasemdafrestur var til 10. maí 2004). Engar athugasemdir hafa borist. Enn fremur voru lagðar fram bygginganefndarteikningar af þessum mannvirkjum. Hönnuður er Jón Guðmundsson arkitekt.

Bygginganefndarteikningar samþykktar án athugasemda Rætt um gólfefni og hallast menn frekar að parketi.

Byggingarfulltrúi yfirgaf nú fundinn.

Bogi Kristinsson Magnúsen (sign)

4) Viðmiðunartaxtar ríkisins vegna refa- og minkaveiða uppgjörstímabilið 1. sept. 2003 til 31. ágúst 2004. Bréf frá Umhverfisstofnun. Einnig samningar um minka- og refaveiði í hreppnum og fyrirkomulag þessara mála yfirleitt. Nefndin telur rétt að endurskoða þessi mál í heild sinni, en núgildandi samningar verði framlengdir árið 2004. Í ljósi minnkandi fjárveitinga frá Alþingi beinir nefndin því til samningsbundinna veiðimanna að draga úr kostnaði við veiðarnar ef unnt er. Nefndin beinir því til hreppsnefndar að kjósa nefnd eða starfshóp er tæki þessi mál til endurskoðunar í heild sinni.

5) Samningur um búfjárefnirit við Búnaðarsamtök Vesturlands. Lögð voru fram drög unnin af Búnaðarsamtökunum. Drögin samþykkt.

6) Erindi frá Hagþjónustu landbúnaðarins varðandi jarðaskrá ríkisins. Farið var yfir skrána og nokkrar leiðréttingar gerðar.

7) Ferðamál, erindi frá Sigurði Atlasiyni framkvæmdastjóra Galdrasýningarinnar á Ströndum. Lagt fram til kynningar.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 13:40

Þórður Jónsson (sign), Sveinn Ragnarsson (sign)

Gústaf Jökull Ólafsson (sign), Einar Örn Thorlacius (sign)